

Minnisblað

Til: Aðildarsveitarfélaga Héraðsnefndar Árnesinga
Frá: Formanni framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar

Reykholt 29. maí 2023

Á aukafundi Héraðsnefndar sem haldinn var 24. maí 2023 var fjallað um húsnæðismál Héraðsskjalasafnsins. Eftirfarandi var samþykkt:

Aukafundur Héraðsnefndar haldinn 24. maí 2023 samþykkir í ljósi þess að ekki liggur fyrir samþykki Ölfus um kaup á Hellismýri 8 að kanna hvort grundvöllur sé fyrir því að leigja húsnæðið að Hellismýri 8 undir starfsemi Héraðsskjalasafnsins. Formanni framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar er falið að taka saman gögn um málið sem munu fylgja fundargerð þessa fundar. Sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaga Héraðsnefndar bs. eru beðnar um að taka málið fyrir eins fljótt og mögulegt er og taka afstöðu um þá leið að leigja húsnæðið að Hellismýri 8 með þeim breytingum sem yrðu á fjárhagsáætlun Héraðsskjalasafnsins fengist húsnæðið leigt.

Ráðhús Árborgar

Frá árinu 1991 hefur Héraðsskjalasafnið leigt aðstöðu í Ráðhúsi Árborgar. Héraðsskjalasafnið leigir í dag um 200 m² í Ráðhúsinu. Leigufjárhæðin í dag er 226.746 kr. fyrir 200 m² og uppfærast á 6 mánaða fresti m/vísitölu neysluserðs. Í dag er því greitt 1.133 kr fyrir fermetrann.

Leiguverð á Selfossi

Eftir samtal við fasteignasala á Selfossi er almennt leiguverð í iðnaðarhúsnæði á Selfossi um 2500 kr á m².

Hellismýri 8 á Selfossi

Í umræðunni hefur verið rætt um að ákveðin sveitarfélög kaupi húsnæðið að Hellismýri 8 og leigi safninu. Þá hefur verið rætt um að leigan þyrfti að standa undir afborgunum af láni, afskriftum og því viðhaldi sem tilheyrir leigusala, þetta eigi ekki að vera hagnaðardrifin starfsemi. Söfn eru undanþegin fasteignaskatti, þannig að ekki þarf að reikna slíkt inn í leiguna en greiða þarf fyrir lóðarleigu, vatnsgjald og fráveitugjald.

Samkvæmt upplýsingum frá Lánasjóði sveitarfélaga eru afborganir af láni ca 21 milljón á ári, fyrstu árin. Til að leigusali hafi upp í annan kostnað en afborganir af lánum þyrftu leigan að vera ca 22 milljónir á ári. Á mánuði eru þetta því 1.833.000 kr. Meðfylgjandi er yfirlit frá Lánasjóðnum þar sem ákveðnar forsendur koma fram. Ef afborgunum á mánuði er deilt niður á fermetra hússins gerir það 2.350 kr. Eins og fram kemur á yfirlitinu frá Lánasjóðnum er gert ráð fyrir fyrstu afborgun í byrjun árs 2024. Ekki er tekið tillit til afskrifta í þessu dæmi.

Héraðsskjalasafnið á húsnæðið að Háheiði 9 á Selfossi. Ef það húsnæði verður selt fellur rekstrarkostnaður þess húss niður.

Ef Héraðsskjalasafnið leigir húsnæðið að Hellismýri 8 mun kostnaður falla á safnið við að standsetja það. Hægt væri að mæta þeim kostnaði t.d. með andvirði sölunnar á Háheiði 9.

Það er von undirritaðar að þetta minnisblað taki saman helstu atriði sem óskað var eftir í bókun Héraðsnefndar.

Helgi Kjartansson,
Formaður framkvæmdastjórnar HÁ

Meðfylgjandi: Upplýsingar frá Lánasjóði, skipting leigukostnaðar á sveitarfélög ásamt ársreikningi Héraðsskjalasafnsins.